

Síðareglur birgja

Tilgangur

Orkan hefur sett sérstakar siðareglur birgja sem eru leiðbeinandi þegar kemur að því að gæta siðferðislegrar og samfélagslegrar ábyrgðar, bæði í félaginu og út á við. Tilgangurinn er að tryggja að starfsemi sé stunduð af heilindum og að orðspor Orkunnar sem og hagaðila sé í heiðri haft. Með því að gera skýrar kröfur til félagsins, birgja og þjónustuaðila vill Orkan hafa þau áhrif á aðfangakeðju sína að stunduð séu ábyrg og sjálfbær viðskipti.

Ábyrgð og gildissvið

Stjórn, forstjóri og framkvæmdastjórn Orkunnar samþykkja siðareglur þessar og gilda þær fyrir alla birgja og þjónustuaðila Orkunnar. Orkan áskilur sér rétt til þess að framkvæma birgjamat með hliðsjón af leiðbeiningum frá Nasdaq. Siðareglurnar eru endurskoðaðar reglulega, birtar á heimasíðu Orkunnar og kynntar starfsfólki. Sé þess óskað skal birgi eða þjónustuaðili staðfesta að þessum siðareglum sé fylgt.

Kröfur til birgja og þjónustuaðila eftir UFS flokkum

Umhverfismál

Starfi samkvæmt viðeigandi lögum og reglum í umhverfismálum. Þekki umhverfisáhrif starfsemi sinnar og leitist við að draga úr neikvæðum áhrifum með markvissum hætti.

Félagslegir þættir

Tryggi að farið sé eftir lögum og reglum er varðar vinnuréttindi. Tryggi að ekki sé stunduð barnaþrælkun, nauðungarvinna né nokkurs konar mismunun. Tryggi öryggi og velferð starfsfólks og stuðli að heilsusamlegu starfsumhverfi.

Stjórnarhættir

Setji sér siðareglur og birti opinberlega. Stundi eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið mútum, kúgun eða fjársvikum. Gæti að hugsanlegum hagsmunaárekstrum.

Telji Orkan að háttsemi birgja feli í sér brot á siðareglum þessum, án þess að bætt sé úr, getur það leitt til þess að viðskiptasambandi sé slitið.

Samþykkt af stjórn Orkunnar 27. febrúar 2025.